

Svar

menningar- og viðskiptaráðherra við fyrirspurn frá Óla Birni Kárasyni um úthlutanir úr Kvikmyndasjóði.

1. *Hver er fjárhæð vilyrða og veittra framleiðslustyrkja Kvikmyndasjóðs fyrir leikið sjónvarpsefni? Svar óskast sundurliðað eftir árunum 2015–2023.*

Kvikmyndamiðstöð Íslands hefur umsjón með rekstri og starfsemi Kvikmyndasjóðs skv. 1. tölul. 3. gr. kvikmyndalaga, nr. 137/2001.

Að undangengnu ferli innan Kvikmyndamiðstöðvar Íslands fær umsækjandi um framleiðslustyrk vilyrði fyrir framleiðslustyrk áður en búið er að staðfesta öll skilyrði styrkveitingar. Vilyrði er því yfirlýsing um vilja til styrkveitingar að nánari skilyrðum uppfylltum sem umsækjandi þarf að sýna fram á. Gangi allt eftir í framvindu verkefnis er framleiðslustyrkur veittur á grundvelli vilyrðis, oft og tíðum ári síðar, vegna eðlilegrar framvindu í fjármögnun og þróun hins styrkta verkefnis.

Eftirsandi tafla sýnir fjárhæðir vilyrða og veittra framleiðslustyrkja úr Kvikmyndasjóði sundurliðað eftir styrkveitingarári á tímabilinu 2015–2023. Sá háttur er hafður á að ef til styrkveitingar kemur er eingöngu gerð grein fyrir fjárhæð styrks á úthlutunarári en ekki útgáfu vilyrðis, enda væri sú fjárhæð þá tvítalin. Þannig eru vilyrði ekki skráð í meðfylgjandi töflu hafi styrkur verið veittur á grundvelli þeirra síðar. Hafi vilyrði verið gefið út og ekki komið til styrkveitingar á grundvelli þess er gerð grein fyrir vilyrðinu miðað við ætlaðan upphafsdag framleiðslu.

Taflan sýnir að á árinu 2023 hafa verið gefin út vilyrði vegna 255 millj. kr. styrkveitinga til verkefna sem ráðgert er að fari af stað í framleiðslu á því ári.

Samantektafla:

Fjárhæð vilyrða og veittra framleiðslustyrkja úr Kvikmyndasjóði
Sundurliðað eftir árum 2015-2023

Ár	Vilyrði	Styrkur	Fjárhæðir í m.kr.	
			Samtals	
2015			94	94
2016			150	150
2017			130	130
2018			140	140
2019	40	60	100	
2020			304	304
2021			169	169
2022			480	480
2023	255		255	
Samtals	295	1.527	1.822	

2. *Hvaða sjónvarpsstöð átti fyrst sýningarrétt þeirra verkefna sem hlotið hafa vilyrði eða framleiðslustyrk fyrir leikið sjónvarpsefni frá Kvikmyndasjóði? Svar óskast sundurliðað eftir árunum 2015–2023.*

Sömu forsendur gilda um framsetningu styrkja og vilyrða og áður kom fram. Þess skal getið að skv. 8. gr. reglugerðar nr. 229/2003, um Kvikmyndasjóð, eru tímabundin vilyrði og framleiðslustyrkir aðeins veittir sjálfstæðum framleiðendum sem hafa reynslu og/eða staðgöða þekkingu á kvikmyndagerð. Sjálfstæður framleiðandi er fyrirtæki sem hefur kvikmyndagerð að meginstarfi. Í sömu grein segir að skilyrði fyrir úthlutun til leikins sjónvarpsefnis sé að efnið sé ætlað til sýningar í sjónvarpi og sýningarréttur hafi verið tryggður í sjónvarpsstöð sem hafi umtalsverða dreifingu. Sjónvarpsstöðin má ekki vera með ráðandi eignarhlut á framleiðslunni, né heldur má hún vera með ráðandi eignarhlut í sjálfstæðu framleiðslu-fyrirtæki sem sækir um styrk vegna leikins sjónvarpsefnis, hvort sem litið er til eignaraðildar, hlutafjáreignar eða höfð hliðsjón af viðskiptalegri stöðu. Ráðandi eignarhlutur telst það vera þegar ein sjónvarpsstöð á meira en 25% hlut í framleiðslufyrirtæki (eða eignarhlutur tveggja eða fleiri sjónvarpsstöðva er 50% eða meiri) eða þegar meira en 90% af veltu framleiðslu-fyrirtækis á þriggja ára tímabili er afrakstur samstarfs við eina sjónvarpsstöð. Sýningarréttur skal renna aftur til framleiðanda innan sjö ára frá undirskrift samnings ef um forsölusamning er að ræða og innan 10 ára ef um samframleiðlusamning er að ræða.

Því má hið styrkta verkefni ekki vera á viðskiptalegu eða listrænu forræði þeirrar fjölmíðlaveitu sem kann að gera samning um að taka efnið til sýningar. Forræði á verkefninu og staða framleiðanda við að hagnýta rétt til sýningar verður að liggja hjá framleiðanda, sem jafnframt er umsækjandi og styrkþegi. Þetta samhengi þarf að hafa í huga við mat upplýsinga um hvar sjónvarpsverk sem Kvikmyndasjóður styrkir er sýnt, þ.e. að við styrkveitingu er tekin afstaða til umsókna og lagt mat á hvort framleiðandi sé sjálfstæður gagnvart fjölmiðla-veitu, en styrkir eru ekki veittir til sýningaraðila né heldur er gert upp á milli slíkra aðila í málsméðferð umsókna.

Eftirfarandi tafla sýnir fjárhæð vilyrða og veittra framleiðslustyrkja 2015–2023 auk aðila sem kaupir sýningarrétt í sjónvarpi hérlandis:

Ár	Verkefni	Umsetkjandi	Staða	Fjárhæð (m.kr.)	Sjónvarpsstöð
2015	Ligeglæð	Films Productions	Styrkar	34	RUV
2015	Réttur III	Sagafilm	Styrkar	60	Stöð 2
			Samtals 2015	94	
2016	Borgarstjórninn	RVK Studios	Styrkar	50	Stöð 2
2016	Fangar	Mystery Island	Styrkar	62,7	RUV
2016	Hulli 2	RVK Studios	Styrkar	15	RUV
2016	Lif eftir dauðann	Sagafilm	Styrkar	22	RUV
			Samtals 2016	149,7	
2017	Óferð 2	RVK studios	Styrkar	60	RUV
2017	Stella Blómkvist	Sagafilm	Styrkar	70	Sjónvarp Simans Premium
			Samtals 2017	130	
2018	Flateyjargátan	Reykjavík films	Styrkar	45	RUV
2018	Pabbahelgar	Zik Zak	Styrkar	45	RUV
2018	Brotin	Truenorth	Styrkar	50	RUV
			Samtals 2018	140	
2019	Atlantis Park	Glassriver	Vilyrði	40	
2019	Ráðherrann	Sagafilm	Styrkar	50	RUV
2019	Ísalög (Tunn is)	Sagafilm	Styrkar	10	RUV
			Samtals 2019	100	
2020	Óferð 3	RVK Studios	Styrkar	75	RUV
2020	Stella Blómkvist 2	Sagafilm	Styrkar	50	Sjónvarp Simans Premium
2020	Systrabönd	Sagafilm	Styrkar	45	Sjónvarp Simans Premium
2020	Venjulegt fólk 3	Glassriver	Styrkar	30	Sjónvarp Simans Premium
2020	Verþóð	Vesturport	Styrkar	54	RUV
2020	Vitjanir	Glassriver	Styrkar	50	RUV
			Samtals 2020	304	
2021	Brúðkaupið mitt	Glassriver	Styrkar	30	Sjónvarp Simans Premium
2021	Margt býr í Tulipop	Tulipop Studios	Styrkar	50	Sjónvarp Simans Premium
2021	S vörtu sandar	Glassriver	Styrkar	50	Stöð 2
2021	Trom	Truenorth	Styrkar	9	Viaplay
2021	Venjulegt fólk 4	Glassriver	Styrkar	30	Sjónvarp Simans Premium
			Samtals 2021	169	
2022	A furelding	Zik Zak	Styrkar	70	RUV
2022	Arfurinn minn	Glassriver	Styrkar	30	Sjónvarp Simans Premium
2022	Heima er best	Polarama	Styrkar	70	Sjónvarp Simans Premium
2022	Jóladagatalið	Glassriver	Styrkar	80	Sjónvarp Simans Premium
2022	Omnhildarsaga	Compass films	Styrkar	60	Sjónvarp Simans - upphafleg úthlutun
2022	Svo lengi sem við lifum	Glassriver	Styrkar	70	Stöð 2
2022	Venjulegt fólk 5	Glassriver	Styrkar	40	Sjónvarp Simans Premium
2022	Ævintýri Tulipop	Tulipop Studios	Styrkar	60	Sjónvarp Simans Premium
			Samtals 2022	480	
2023	Danska konan	Zik Zak	Vilyrði	70	RUV
2023	Pabbahelgar 2	Ungar Kvíkmýndafélag	Vilyrði	55	RUV
2023	Ráðherrann 2	Sagafilm	Vilyrði	60	RUV
2023	Vigdís	Vigdís Production	Vilyrði	70	RUV
			Samtals 2023	255	